


GOTT ÁR Í SAFNIÐ

Árið 2014 var gott ár fyrir Almenna lífeyrissjóðinn. Góð ávöxtun var á ávöxtunarleiðum sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum eða allt að 9,8% nafnávöxtun sem samsvarar 8,7% raunávöxtun.

Góð raunávöxtun 2014

- Ævisöfn og samtryggingarsjóður hækkuðu um 4,8% til 9,8% yfir árið 2014.
- Hæsta ávöxtunin var á Ævisafni I eða 9,8%, sem samsvarar 8,7% raunávöxtun.
- Erlend hlutabréf í íslenskum krónum skiluðu hæstri ávöxtun eignaflokka á árinu 2014.
- Raunávöxtun hefur verið góð undanfarin ár og síðastliðin fimm ár hefur hún verið 3,5% til 6,4% á ári í blönduðum ávöxtunarleiðum.

Ávöxtun Almenna lífeyrissjóðsins 2014



Nánari upplýsingar um ávöxtun er hægt að finna á heimasíðunni, www.almenni.is.



50 FARSÆL ÁR

Í ár eru liðin 50 ár frá því að Lífeyrissjóður Tækni-fræðingafélags Íslands var stofnaður, en sjóðurinn er elstur af þeim lífeyrissjóðum sem hafa sameinast í Almenna lífeyrissjóðinn.

Á síðasta ári fékk Almenni nokkrar alþjóðlegar viðurkenningar. Samkvæmt IPE tímaritinu er sjóðurinn einn af fimm bestu lífeyrissjóðum í Evrópu. Samkvæmt World Finance tímaritinu er Almenni besti lífeyrissjóður á Íslandi og annað árið í röð valdi tímaritið European Pensions sjóðinn í hóp bestu lífeyrissjóða í Evrópu í miðlun upplýsinga til sjóðfélaga.



SETTU Í DAGATALIÐ

Ætlunin er að gera 50. afmælisár sjóðsins eftirminnilegt fyrir sjóðfélaga. Merktu dagsetningarnar inn í dagatalið þitt.

Miðvikudagur 18. febrúar:

„Góð ávöxtun árið 2014, gott ár í safnið“
Fundur um ávöxtun og horfur.

Miðvikudagur 11. mars: „Hvernig stendur þú?“

Fundur um þá þjónustu sem sjóðfélögum býðst.

Þriðjudagur 17. mars: Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins

Áformað er halda fleiri fundi á árinu og eru sjóðfélagar hvattir til að fylgjast með á heimasíðu sjóðsins.



HÆKKAÐU Í 4%

Heimilt er að greiða 4% af launum í viðbótarlífeyrissparnað. Við viljum hvetja sjóðfélaga til að nýta sér þessa heimild til að bæta við eftirlaunin. Auk þess þurfa flestir að greiða 4% ef ætlunin er að fullnýta skattaafslátt við greiðslu séreignar inn á höfuðstól húsnæðislána.

Rétt er að minna þá sem þegar hafa hækkað sparnaðinn úr 2% í 4% af launum á að skoða launaseðilinn og athuga hvort iðgjaldið hafi verið hækkað.

Þeir sem vilja hækka eða hefja viðbótarlífeyrissparnað er bent á að hafa samband eða klára málið á heimasíðu sjóðsins www.almenni.is.

Einfalt að klára...



... á almenni.is

NOKKRAR LEIÐIR TIL AÐ SKOÐA STÖÐUNA

Sjóðfélögum Almenna lífeyrissjóðsins standa til boða nokkrar leiðir til að skoða stöðu sína.

- **Yfirlit.** Sjóðurinn mælir með því að sjóðfélagar skoði yfirlitin og beri saman við launaseðla.
- **Sjóðfélagavefurinn** er læstur vefur sem gefur glögga mynd af stöðu hvers og eins. Innskráning er með Íslykli eða rafrænum skilríkjum.
- **Stöðufundur** er einkaviðtal sjóðfélaga við ráðgjafa sjóðsins þar sem farið er ítarlega yfir réttindi og áætlaðan lífeyri.

HVERNIG STENDUR ÞÚ?



TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚIN

Ef við getum aðstoðað erum við til þjónustu reiðubúin við hvaðeina sem varðar lífeyrismál.

- Á heimasíðu okkar, www.almenni.is, er daglega birt gengi ávöxtunarleiða en þar er einnig að finna gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, fræðslugreinar og fréttir, auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir til sjóðsins og panta viðtal við ráðgjafa.
- Á skrifstofu sjóðsins, **Borgartúni 25**, Reykjavík, er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9 til 16 og geta sjóðfélagar hvenær sem er komið og hitt ráðgjafa sjóðsins, hringt í síma **510-2500** eða sent tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is.

